


Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð voru lögð fram til kynningar í janúar 2024. Umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 17. mars 2024. Alls bárust erindi frá átta aðilum.

Umhverfisstofnun ásamt samstarfshópi þakkar öllum sem gáfu sér tíma til að lesa yfir og senda inn athugasemdir og ábendingar. Hér verður gerð grein fyrir viðbrögðum við þeim erindum sem bárust á kynningartíma og upplýsingar um breytingar sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í kjölfar kynningarferlisins.

*Mynd: Lára Björnsdóttir
Stóruð*



Athugasemdir

Skotvís - Skotveiðifélag Íslands

SKOTVÍS- Skotveiðifélag Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við áætlunina. Þar eru veiðar óheimilar en vandséð og nær ómögulegt að sjá hvernig sjálfbærar veiðar séu ógn eða áhætta við markmið friðlýsingar.

Sjálfærar veiðar sem leyfðar eru á Íslandi ógna ekki líffræðilegum fölbreytileika, skerða búsvæði né takmarka almennt lífríki. Skotveiðar eru bara eitt form útvistar og á vel heima innan friðlýstra svæða. Þær ógna ekki jarðminjum, landslagsheild, ásýnd svæðisins né ganga á gæði landsins. Bráðin er með lægsta kolefnisfótspor sem þekkist og ætti að vera forgangsatriði að nýta í núverandi loftslagskrísu. Veiðimenn sem þær stunda hafa farið á námskeið og lokið prófi á vegum Umhverfisstofnunar um Skotvopn og skotveiðar þar sem þeir læra umgengni um náttúruna, siðfræði, tillitssemi við aðra útvistarhópa, öryggisatriði við veiðar og fleira. Telji stofnunin að einhver af þessum atriðum séu ekki í nógu góðum farvegi þá hittir hún sjálfa sig þar fyrir.

SKOTVÍS efast einnig um lagaheimild til friðlýsingar eigi hér við þar sem farið er út fyrir markmið friðlýsingarinnar sjálfar.

Emil

Bent er á mikilvægi þess að lokið verði við skráningu örnefna á jörðunum sem falla innan friðlýsta svæðisins.

Svör Umhverfisstofnunar

Bent er á að stjórnunar- og verndaráætlunin setur ekki frekari takmarkanir á skotveiðar innan friðlýsta svæðisins, umfram það sem friðlýsingarskilmálar kveða á um.

Takmarkanir þær sem eru á veiðum innan svæðisins samkvæmt friðlýsingu svæðisins sem tók gildi árið 2021 eiga eingöngu við innan náttúruvættisins Stórurðar, sem er fjölsóttasti ferðamannastaður innan svæðisins. Þó er þar heimilt að veiða rjúpu með leyfi landeigenda í samræmi við lög nr. 64/1994, enda eru rjúpnaveiðar stundaðar á árstíma sem aðsókn ferðamanna að Stórurð er með minnsta móti. Takmarkanir á veiðum innan náttúruvættisins eiga stoð í 2. gr. friðlýsingarinnar þar sem segir að svæðið sé varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að innviðir geri sem flestum fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra hópa.

Jafnframt er vísað í svar við athugasemd Einars sem gerði athugasemdir við takmarkanir á veiðum í [greinargerð friðlýsingar](#) svæðisins, sjá á bls. 10.

Tekið er undir þörf þess að skráning örnefna fari fram og verður tekið samtal við Landmælingar Íslands um málið. Á Hrafnabjörgum hefur verið unnið að því að laga örnefnaskrá.

Minjastofnun Íslands

Bent er á að Minjastofnun eigi að hafa fulltrúa í samstarfshópi friðlýsta svæðisins skv. friðlýsingu og stjórnunar og verndaráætlun.

Minjastofnun Íslands minnir á að áður en aðal- eða deiliskipulag er samþykkt sem og leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skuli skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Undir þetta geta fallið framkvæmdir líkt og veitulagnir, vegagerð, námur, byggingarframkvæmdir, stígagerð, rannsóknir sem fela í sér jarðrask eða skipulagsgerð.

Í kafla um skilti er gerð athugasemd um að fjallað sé um friðlýstar menningarminjar þar sem orðalagið er of þröngt. Óskað er eftir breytingu á orðalagi þannig að fjallað sé um menningarminjar almennt.

Lagt er til að bætt verði inn upplýsingum í umfjöllun um menningarminjar auk þess sem lagt er til að skerpt verði á reglum um leyfisveitingar og aðkomu Minjastofnunar að þeim. Bent er á að æskilegt væri að rannsóknaraðilum væri heimilað flug ómannaðra loftfara innan svæðisins vegna rannsókna.

Samstarfshópur friðlýsta svæðisins hefur ekki enn verið skipaður en hópur er starfandi við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar, sem unnin hefur verið í samráði við Minjastofnun. Beðist er velvirðingar hve skipum hópsins hefur dregist og verður henni flýtt og kemst þá á nánara samráð málefni svæðisins.

Eftir fyrra samráð Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar um umfjöllun um minjavernd í friðlýsingum og stjórnunar- og verndaráætlunum var það niðurstaðan að æskilegast væri að vísa lög um menningarminjar nr. 80/2012 heildrænt. Lögð er áhersla á að lög um menningarminjar gildi í hvívetna og því ekki þörf á að tiltaka t.d. leyfisskyldu í einstaka köflum. Slíkt gæti mögulega skapað misskilning um gildi laganna ef ekki er fjallað, t.d. fyrir mistök, um þau í tilteknum köflum. Ef vilji er til endurskoðunar á þeirri nálgun er Umhverfisstofnun tilbúin í frekara samráð við Minjastofnun.

Orðalagi verður breytt í samræmi við tillögu Minjastofnunar varðandi þriðja lið.

Varðandi viðbætur á upplýsingum í kafla um menningarminjar verður orðið við þeim. Varðandi áréttingar á ákvæðum laga um menningarminjar er vísað í svar í annarri málsgrein, hér að ofan. Varðandi flug ómannaðra loftfara þá er slíkt eingöngu óheimilt í náttúruvættinu Stóruvættinn skv. friðlýsingarskilmálum. Ekki er hægt að draga úr ákvæðum friðlýsingar í stjórnunar- og

<p>Minjastofnun Íslands, frh.</p> <p>Minjastofnun bendir einnig á að leyfi Minjastofnunar þurfi vegna viðburðahalds í námunda við menningarminjar. Jafnframt er bent á mikilvægi samráðs áður en ráðist er í framkvæmdir. Að lokum er bent á að æskilegt væri að ráðast í skráningu menningarminja innan svæðisins skv. nútíma stöðlum til þess að auðvelda leyfisveitingar vegna framkvæmda í framtíðinni.</p>	<p>verndaráætlunum og er því flug ómannaðra loftfara óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar í náttúruvættinu Stóruð.</p> <p>Umhverfisstofnun tekur undir þörf á samráði og vísar í fyrra svar um að skipa þurfi með formlegum hætti samstarfshóp friðlýsta svæðisins. Vegna leyfisveitinga Minjastofnunar er vísað til svars í annarri málsgrein, hér á undan.</p> <p>Varðandi skráningu menningarminja er æskilegt að taka viðtæka umræðu um hvernig háttá skuli skráningu menningarminja á friðlýstum svæðum, hvaða lagalegu skilyrði eru til staðar og með hvaða hætti kostnaði við slíkar skráningar verður mætt.</p>
<p>Náttúrufræðistofnun Íslands</p> <p>Gerð er breytingatillaga um umfjöllun um gróður þar sem orðalagi er breytt er varðar fléttur.</p> <p>Textinn var:</p> <p>„Ýmsan sérstakan gróður er að finna á svæðinu, til að mynda mosann dökklepp sem er sjaldgæf tegund, fléttuna geislabíkar sem skráð er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (1996) og æðplöntutegundirnar lyngbúa, súrsmæru og línarfa sem allar eru friðaðar og skráðar á valista sem tegundir í nokkurri hættu.“</p> <p>Tillaga er að texti verði:</p> <p>Ýmsan sérstakan gróður er að finna á svæðinu, til að mynda æðplöntutegundirnar lyngbúa, súrsmæru og línarfa sem allar eru friðaðar og skráðar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) sem tegundir í nokkurri hættu. Þá finnast sjaldgæfar mosa- og fléttutegundir á svæðinu.</p>	<p><i>Tekið verður tillit til athugasemdanna og breytingar gerðar í samræmi við þær.</i></p>

<p>Bent er á að staðfesta þurfi varp skúms í Stapavík. Samræma þarf orðalag um minkaveiðar og almennt um veiðar í Stóruð. Í stefnu (bls 44) mætti koma fram að leitast skuli við að efla rannsóknir og vöktun.</p> <p>Ní leggur áherslu á að vanda þurfi til verka við uppbyggingu stíga á svæðinu t.d. aðkomu neyðaraðila og gæta þess að stígarnir rýri ekki landslagsupplifun svæðisins.</p>	
<p>Náttúrustofa Austurlands</p> <p>Tekið er undir mikilvægi þess að vernda varp fugla og ekki síst skúms sem hefur fækkað verulega á Héraðssandi. Í áætluninni er fjallað um sérstaka aðgát vegna varps í maí og júní en talið er að það sé ekki nógu langt tímabil þar sem skúmsvarp dregst oft fram í júlí og í sumum tilfellum hefur sést til ófleygra unga í ágúst.</p> <p>Bent er á að notkun utanvega farartækja s.s. mótorkrosshjóla, fjór- og sex-hjóla og buggy bíla hefur aukist vestan Selfljóts. Þarna er um að ræða hávær farartæki sem geta farið um viðkvæmt land og valdið truflun á varpi. Til að ná því markmiði sem kemur fram í stefnunni um að: „...gestir skulu ekki trufla dýralíf að óþörfu“ er mikilvægt að setja slíkum farartækjum mörk.</p> <p>Að lokum er bent á að ekki er vitað um skúmsvarp á svæðinu við stapavík.</p>	<p>Bent er á að fram kemur í áætluninni að ekki skuli trufla dýralíf að óþörfu, óháð tímabilum. Varðandi varptíma fugla verður sá tími lengdur fram í júlí í samræmi við ábendingu náttúrustofunnar.</p> <p>Varðandi notkun vélknúinna ökutækja er bent á að akstur utan vega er með öllu óheimill innan- og utan friðlýsta svæðisins skv. 31. gr. laga um náttúruvernd. Tekið er undir mikilvægi þess að koma upplýsingum á framfæri að fólk á torfærutækjum taki tillit til dýralífs við akstur á vegum. Þá þarf að gera átak í að stöðva akstur utan vega og tilkynna slíkt athæfi til lögreglu.</p> <p>Texta um skúmsvarp í nágrenni Stapavíkur verður breytt.</p>
<p>Philip</p> <p>Sendi inn ábendingar um innsláttarvillur og önnur atriði sem þörf var á að lagfæra.</p>	<p>Þakkir fyrir vandaðan yfirlestur. Athugasemdir teknar til greina.</p>

<p>Heimastjórn Fljótshálsa</p> <p>Heimastjórn fjallaði um stjórnunar- og verndaráætlun á fundi þann 8. febrúar 2024.</p> <p>Heimastjórn beindi því til samstarfshóps að salernisaðstaða og aðstaða fyrir landverði, fræðslustarfsemi og móttöku skólafólks verði tekin inn í þriggja ára aðgerðaráætlun.</p>	<p>Tekið er undir að koma þurfi upp aðstöðu fyrir landverði og aðra þætti líkt og kemur fram í stefnu áætlunarinnar um landvörslu og fræðslu. Umhverfisstofnun telur ekki tímabært að setja verkefnið á þriggja ára áætlun enda mikilvægt að fram fari þarfagreining áður en tekin er ákvörðun um frekari uppbyggingu. Að lokum er bent á að aðgerðaáætlun er endurskoðuð árlega.</p>
<p>Umhverfis- og framkvæmdaráætlun Múlaþings</p> <p>Ráðið fjallaði um stjórnunar- og verndaráætlun á 110. Fundi þann 4. mars 2024.</p> <p>Tekið var undir bókun heimastjórnar Fljótshálsa að salernisaðstaða og aðstaða fyrir landverði, fræðslustarfsemi og móttöku skólafólks yrði sett á þriggja ára aðgerðaráætlun.</p> <p>Jafnframt mætti bæta við árlegum, eða reglulegum hreinsunaraðgerðum meðfram göngustígum. Æskilegt væri að setja fram upplýsingar á svæðinu að fólk skuli fjarlægja allan úrgang með sér af svæðinu.</p> <p>Þá er bent á að yfirlesturs sé þörf og að samræma þurfi texta um Dyrfjöll og Stórurð bls. 7 og mönnuð og fjarstýrð loftför varðandi heimild til að nota fjarstýrð loftför veið leit og smölun búfjár.</p>	<p>Vísað er í svar við umsögn heimastjórnar Fljótshálsa varðandi fyrsta hluta athugasemdarinnar.</p> <p>Varðandi hreinsunaraðgerðir þá sinna landverðir ætíð hreinsun á svæðinu þegar þeir eru við störf. Þá er brugðist við ef sérstaks hreinsunaráttaks er þörf en slík þörf er metin t.d. í ástandsmati fyrir svæðið sem Umhverfisstofnun vinnur árlega.</p> <p>Að öðru leiti verður efni lagfært í samræmi við athugasemdir.</p>